



Hraunvallaskóli

vinátta - samvinna - ábyrgð

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

Skólanámskrá Hraunvallaskóla

II. og III. hluti



3. bekkur

Skólaárið 2024 - 2025

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2024.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (skólastjóri Hraunvallaskóla)

Útgefandi: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)
Drekavöllum 9
221 Hafnarfjörður

netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
II. Skólastarf 3. bekkjar	5
II.1. Samantekt kennslu í 3. bekk	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 3. bekk	7
II.3. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 3. bekk	9
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.	10
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi	10
III. Námsvið og námsgreinar	11
1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	11
A. Íslenska	11
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf	11
1.2. Lestur og bókmenntir	12
1.3. Ritun	14
1.4. Málfræði	15
B. Íslenska sem annað tungumál	16
2. List- og verkgreinar	18
2.1. Dans	18
2.2. Sjónlistir - myndmennt	19
2.3. Tónmennt	20
2.4. Sviðslistir - Leiklist	21
B. hluti - verkgreinar:	23
2.5. Heimilisfræði	23
2.6. Textílmennt og hönnun	24
3. Náttúrugreinar	25
4. Samfélagsgreinar	27
5. Skólaíþróttir	29
5.1. Íþróttir	29
5.2. Sund	30
6. Stærðfræði	33
6.1. Tjáning, tungumál verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði	33
6.2. Tölur, reikningur og algebra	33
6.2. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	35
7. Upplýsinga- og tæknimennt	37



Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá



II. Skólastarf 3. bekkjar

Nemendahópurinn samanstendur af 45 börnum í þremur umsjónarhópum. Stundaskráin er samsett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og smíðjum þ.e. myndmennt, tónmennt, dansi, heimilisfræði, textílmennt, smíði og leiklist.

Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.s.frv. Heimakrókar eru þrír þar sem kennarar fara yfir myndrænt dagsskipulag í upphafi dags og útskýra verkefni dagsins. Þar er einnig farið yfir smt reglur, haldnir bekkjarfundir, nýtt námsefni skoðað ofl.

Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrum eru sendar upplýsingar vikulega um starfið og gróf áætlun fyrir komandi viku í fréttapistli sem sendur er í gegn um Mentor. Einnig setja kennarar reglulega inn ýmsar upplýsingar á facebook síðu árgangsins, Hraunvallaskóli 2016. Mikil áhersla er lögð á daglegan heimalestur og orðaskrift. Heimavinna fer heim einu sinni í viku og á að skilast viku seinna.

Umsjónarkennarar hópsins eru: Svavar Friðriksson, Sandra Lilja Björgvinsdóttir og Silja Marteinsdóttir.



II.1. Samantekt kennslu í 3. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	2 4 2 1
2. List- og verkgreinar	2.1. Sviðslistir (dans) 2.2. Sjónlistir (myndmennt) 2.3. Sviðslistir (tónmennt) 2.4. Sviðslistir (leiklist) 2.4. Heimilisfræði 2.5. Textílmennt og hönnun	1 1 0,5 0,5 1 1
3. Náttúrugreinar	3.0. Náttúrgreinar	3
4. Skólaípróttir	4.1. Ípróttir 4.2. Sund	2 1
5. Samfélagsgreinar	5.0 Samfélagsgreinar	4
6. Stærðfræði	6.0. Stærðfræði	5
7. Upplýsinga- og tæknimennt	7.0. Upplýsinga- og tæknimennt	1
Alls		30



II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 3. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar eru settar fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur temji sér að koma með hollt og gott nesti í skólann. • Að nemendur fræðist um mikilvægi þess að temja sér hollt mataræði. • Að nemendur æfist í að tjá sig og fyrir framan hóp. • Að nemendur fái hvatningu til að stunda hreyfingu og útiveru. • Að jákvæðni og glaðværð einkenni skólastarfið. • Að nemendur temji sér hreinlæti. • Að nemendur komi vel fram við hvert annað og temji sér það að skilja ekki útundan. • Að nemendur fái fræðslu um heilbriggt lífni. • Að nemendur hafa möguleika á fjölbreytilegu vinnuumhverfi.
JAFNRÉTTI:	<p>Unnið er með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái jöfn tækifæri til náms. • Að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda. • Að nemendur fá námsefni sem er sniðið að þeirra þörfum. • Að notaðar séu fjölbreytilegar aðferðir við kennslu til að mæta þörfum sem flestra nemenda. • Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu og siðum. • Að nemendur læri að virða mismunandi trúarskoðanir.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig og sínar skoðanir fyrir framan aðra. • Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. • Að nemendur temji sér umburðarlyndi gagnvart öðrum • Að nemendur hafi jafnan rétt innan hópsins



	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur séu jafnir óháð kyni, þjóðerni eða trú
Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
LÆSI:	<p>Það er unnið með <i>læsi</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur læri lestur með fjölbreytilegum aðferðum Byrjendalæsis þar sem unnið er út frá gæðabókmenntum • Að nemendur fái lestrarþjálfun daglega með heimalestri, þar sem litið er á lestrarnámið sem samvinnu milli heimila og skóla. • Að nemendur læri að lesa í umhverfið og bera virðingu fyrir því. • Að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun • Að nemendur öðlist nokkurt menningarlæsi
SJÁLFBÆRNI:	<p>Það er unnið með <i>sjálfbærni</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur efli umhverfisvitund sína. • Að nemendur læri um umhverfisvernd og mikilvægi þess að flokka og endurnýta, til dæmis með því að minnka einnota umbúðir. • Að nemendur temji sér góðan frágang og umgengni innan sem utan skóla. • Að nemendur læri að taka sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu með því að fara reglulega út og týna rusl af skólalóð. • Að kynna fyrir nemendum kosti þess að nýta almenningsamgöngur og nýta þær í ferðum nemenda. • Að kenna nemendum að nýta afgangsefni í verkefnavinnu. • Að fræða nemendur um mismun á milli menningarheima, hvernig nemendur hafa það hér í samanburði við önnur lönd.
SKÖPUN:	<p>Það er unnið með <i>sköpun</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til skapandi vinnu í skólastarfinu • Að nemendur öðlist færni í að virkja sinn eigin sköpunarkraft. • Að nemendur hafi skoðun á því sem þau eru að gera hverju sinni og taki sjálfstæðar ákvarðanir.



II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 3. bekk

i. Kennsluaðstæður

Heimasvæðinu er skipt upp í heimakróka og vinnusvæði sem miða að því að skapa ró og góðan vinnufrið. Skóla- og frístundaliðar vinna með kennurum á svæðunum ásamt sérkennara, ÍSAT kennara og þroskaþjálfara.

ii. Kennsluáætlanir

Í upphafi skólaárs eru útbúnar kennsluáætlanir út frá þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar í 3. bekk. Í íslensku er unnið samkvæmt Byrjendalæsi og samþætt við aðrar námsgreinar. Heimanám fer heim á fimmtudögum og á að skila í síðasta lagi viku síðar. Vikupóstur er settur inn á mentor á föstudögum. Mati á námi nemenda er skilað til foreldra í gegnum hæfnikort, vitnisburði og námsviðtöl.

Markmið í lestri er að nemendur nái að lesa 55 – 120 orð á mínútu við lok 3. bekkjar. Markvisst er unnið með lesskilning í tengslum við skólaverkefni. Mikilvægt er að nemendur lesi heima daglega og skrifi í stílabók. Lesinn er fjölbreyttur texti, nemendur kynnast ævintýrum og vönduðum sögum. Einnig læra nemendur ljóð og söngtexta.

iii. Náms- og kennslugögn

<i>Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:</i>	<ul style="list-style-type: none">• Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).• Aðgangur að tölum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.• Hjálpargögn í ýmsum námsgreinum.• Almenn kennslugögn.
---	--



II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Lögð er áhersla á gott samstarf milli heimilis og skóla. Vikulega fara heim upplýsingar um starfið í skólanum, heimanám, hagnýtar upplýsingar og það sem er á döfinni næstu daga. Einnig setja kennarar reglulega inn myndir og upplýsingar um starfið á facebooksíðu árgangsins, Hraunvallaskóli 2016. Foreldrar geta alltaf sent tölvupóst eða hringt og kennarar svara eins fljótt og auðið er. Kennarar leggja sig fram við að kynnast öllum nemendum á sínu svæði þannig að foreldrar geti leitað til fleiri en eins kennara. Kennarar skrá upplýsingar um nemendur í Mentor svo foreldrar geti fylgst með. Bekkjartenglar vinna með kennurum þegar viðburðir eiga sér stað í skólanum og einnig þegar þeir skipuleggja atburði utan skóla.

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum til að ná árangri.

b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að.

b. Lokamat:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn um stöðu sína eftir nám vetrarins. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að. Einnig fær nemandi afhent vitnisburðarblað þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð viðmiðum eða þarfnast frekari þjálfunar.



III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er á að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í sjö skilgreind námssvið en hverju námssviði tilheyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur sérstakt námsefni sem hæfir þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

A. Íslenska

1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tjáð sig munnlega með margvíslegum verkefnum s.s. farið með ljóð og lesið upphátt (P/L).
- Sagt frá eigin upplifun og reynslu (P/L).
- Þekkt helstu reglur um framkomu í ræðupúlti (P).
- Tjáð sig skýrt og áheyrliga (L).
- Staðið frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu (L)
- Hlustað á fyrirmæli kennara og farið eftir þeim (L/V).
- Hlustað á umræður bekkjarfélaga og tekið tillit til skoðana annarra (L/V).
- Notið bókmennta og afþreyingarefni, upplestra, leiksýninga og söngs (P/L/V).
- Kynnst hugtökunum upplýsinga- og miðlalæsi.

ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Segja frá eigin reynslu
- Lesa fyrir samnemendur sína
- Hlusta á umræður
- Hlusta á sögur, ævintýri og ljóð

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- lestrarbækur
- verkefni í tengslum við bækur sem unnið er með í tengslum við Byrjendalæsi



- eigin verk
-

iv Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- upplestur nemenda
- umræður og tjáning

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- nemendur þjálfast í að koma fram út frá eigin forsendum og getu
- paralestur

v Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

1.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 4 tímar (160 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt mismunandi form ljóða s.s. rímuð ljóð, órímuð ljóð og ferskeytlu (þ).
- Aflað sér upplýsinga úr bókum (þ).
- Þekkt aðferðir gagnvirks lesturs (þ).
- Rímað og haft tilfinningu fyrir hrynjanda orða (þ).
- Lesið og skilið texta sem hæfir aldurstigi (þ/L).
- Lesið, sungið og lært nokkur íslensk ljóð utanbókar (L).
- Svarað spurningum úr texta munnlega og skriflega (þ).
- Þekkt hugtökin sögupráður, sögupersóna, sögusvið, titill, höfundur og boðskapur (þ).
- Valið sér lesefni eftir áhugasviði og lestrarhæfni (þ/V).
- Lesið sögur og ljóð sér til ánægju (L/V).
- Gert greinarmun á mismunandi textategundum eins og; sögutexta, fróðleikstexta, leiðbeiningum og fyrirmælum (þ).
- Skilið og unnið með einföld skráð fyrirmæli.
- Þekkt nokkur einföld orðtök og málshætti.
- Raðað myndum í atburðarás.
- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs og hlustunar.

ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Byrjendalæsi
- Lesa valda kafla af blönduðu efni s.s. úr íslenskum bókmenntum og ævintýrum
- Vinna með ljóð, lesa og syngja



- Kynnast ljóðahugtökum s.s. rím
- Þjálfast í nákvæmis- og gagnvirkum lestri
- Auka lesskilning
- Samþætting samfélagsfræði, náttúrufræði, bókmenntir og lestur
- Velja sér bækur eftir áhugasviði
- Læra að afla sér upplýsinga úr bókum og læra hugtökin söguþráður, sögupersónur og boðskapur

iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Eplin hans Peabodys
- Regnbogafiskurinn
- Gula sendibréfið
- Komdu og skoðaðu himingeiminn
- Iðnir krakkar
- Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti
- Jói og baunagrasið
- Komdu og skoðaðu landakort
- Komdu og skoðaðu tæknina
- Hrafninn
- Grýlusögu

iv Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Nemendur fá fjölbreytta lestrarþjálfun í skólanum með fjölbreyttum leiðum
- Nemendur kynnast ævintýrum og vönduðum sögum
- Læra ljóð og söngtexta
- Lesa heima daglega og skrifa setningar í bók eftir upplestri

Í náminu eru eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna
- Unnið í hringekju
- Stöðvavinna
- Lesa daglega/yndislestur

v Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Allt skólaárið er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum. Þar að auki er hraðlestrarprófið Lesferill lagt fyrir í september, janúar og maí, lesskilningsprófið Orðarún er lagt fyrir í janúar og maí og í febrúar fara allir nemendur 3. bekkjar í gegn um Logos lesskimun til að kanna hvort ástæða er til að hafa áhyggjur af lestrarörðugleikum. Foreldrar eru upplýstir um niðurstöður og unnið er markvisst með þær í skólanum til að styrkja þá þætti sem þarfnast frekari þjálfunar.



1.3. Ritun

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum (þ).
- Beitt einföldum stafsetningarreglum um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum (þ).
- Tjáð hugmyndir sínar og reynslu (L).
- Vandað vinnubrögð og frágang (L/V).
- Samið sögu frá eigin brjósti (þ/L).
- Endursagt og skrifað eftir frásögn og upplestri (L).
- Beitt einföldum stafsetningarreglum til að finna út hvort rita á einfaldan eða tvöfaldan samhljóða(þ).
- Þekkt og beitt –ng og –nk reglunni (þ).
- Nýtt sér hugtakakort við ritun (þ).
- Skrifað einfalda lýsingu á persónu (þ).
- Skrifað einfaldan fróðleikstexta(þ).
- Þekkt greinamerkin punkt, kommu, spurningamerki, upphrópunarmerki og tvípunkt (þ).
- Dregið rétt til stafs (þ/L).
- Skrifað rétt á línu (L).
- Gert skýran greinarmun á há- og lágstöfum (þ)
- Gert bil á milli orða (L).
- Skrifað skýrt og læsilega (L).
- Vanda vinnubrögð og frágang.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- sögugerð
- sendibréf
- endursögn
- dagbókaskrif
- teiknimyndasaga
- uppskriftir

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Byrjendalæsi
- Ritrún
- Lesrún
- Skrifarbækur

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:



- Skrifa reynslusögu
- Skrifa endursögn út frá námsbókum (Byrjendalæsisbækur)
- Skrifa bréf
- Segja frá sögu sem þau hafa hlustað á
- Nemendur fá t.d. mynd eða setningu og eiga að skrifa um hana eða teikna mynd

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver og einn nemandi skrifar út frá sínum forsendum og getu
- Styttri sögur fyrir þá sem eiga erfitt með skrift/ritun
- Þau sem ekki eru vel skrifandi skrifa teiknimyndasögu

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem sögubýgging, upphaf, miðja, endir og samhengi texta er metið út frá verkefnum og vinnu nemenda í kennslustundum.

1.4. Málfræði

Tímafjöldi: 1 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Raðað í stafrófsröð (þ).
- Greint kyn orða (þ).
- Þekkt mun á sérhljóðum og samhljóðum (þ).
- Fallbeygt einföld orð (þ).
- Þekkt mun á samnöfnum og sérnöfnum (þ).
- Þekkt samheiti (þ).
- Þekkt andheiti (þ).
- Þekkt mun á eintölu og fleirtölu (þ).
- Unnið með samsett orð (þ).
- Þekkt helstu einkenni nafnorða (þ).
- Þekkt helstu einkenni sagnorða (þ).
- Þekkt helstu einkenni lýsingarorða (þ).
- Raðað orðum rétt í setningar (þ).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Stafróf, sérhljóðar og samhljóðar, stór og lítill stafur, rím, orðaleikir
 - Nafnorð; sérnöfn og samnöfn, samsett orð, samheiti og andheiti, kyn og tala og fallbeyging
 - Sagnorð; nútíð og þátíð
 - Lýsingarorð; stigbreyting



ii. Námsgögn og kennslufni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkefni útbúin af kennara út frá Byrjendalæsisbókum
- Ritrún
- Verkefni af skólavefnum

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingsvinna
- paravinna
- heimavinna
- hópavinna
- stöðvavinna
- hringekjuvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- nemendur vinna á eigin hraða
- nemendur fá verkefni miðað við eigin getu

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Íslenskupróf er lagt fyrir í janúar og maí þar sem þekking á helstu áhersluþáttum er könnuð. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

B. Íslenska sem annað tungumál

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eiga ekki íslensku sem móðurmál og hafa engin eða lítil tæk á íslensku máli. Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Nemendur vinna að hæfniviðmiðum samkvæmt „íslensku sem annað tungumál“. Hæfnirammarnir þar skiptast í fjögur stig (forstig, 1. Stig, 2. stig og 3. Stig) og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltileinkuninni. Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum þ.e. skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Þegar nemandi hefur náð færni á öllum stigum er gert ráð fyrir að hann geti, með stuðningi, unnið eftir sömu námsáætlun og nemendur með íslensku sem móðurmál.

https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnisvid_og_haefnirammarnir_i_isat.pdf

iii. Námsgögn og kennslufni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:



- Námsbækur: Íslenska nýja málið mitt 1 og 2, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir. Einnig er stuðst við námsbækur 3. bekkjar t.d. Komdu og skoðaðu.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettisþjöl og útprentanlegt efni af vef), Íslenski máhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), smáforrit af App Store.
- Annað: Verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingskennsla
- Kennsla í litlum hópum
- Á heimasvæði árgangs

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Vinnubækur við hæfi hvers og eins
- Spil og leikir
- Umræður
- Lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Símat
- Leiðsagnarmat
- Stöðumat
- Próf



2. List- og verkgreinar

A. hluti - listgreinar:

2.1. Dans

Tímafjöldi: kennt í smíðju 4x á vetri. (40 mín. kennslustund 3x í viku ca 45 skipti).

Í danstímum er megináhersla lögð á að kenna grunnspor í samkvæmisdansi, gömlu dansana, línudansa, nýja vinsæla dansa ásamt söngleikjadansi. Með danskennslunni í Hraunvallaskóla er unnið markvisst að því að efla sjálfstraust, samvinnu, snertingu nemanda ásamt því að samræma hreyfingar þeirra í takt við tónlist. Gerð er krafa um almenna kurteisi og virðingu.

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist (L).
- Dansað einföld hreyfimyndur og nota þau í dansi (L).
- Dansað grunnspor í þremur samkvæmisdönsum (P/L).
- Boðið upp í dans og dansað í danshaldi (L).
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi (V).
- Þekkt mun á hægt og hratt í tónlist og hreyfingu (L).
- Virt samskiptareglur (V).
- Dansað léttu tísku/línudansa (P/L).
- Dansað þrjá-fjóra léttu þjóðdansa /P/L).

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Cha cha cha(frm.eða staðnum) + new yorker
- Enskur Waltz m/snúning til hægrri
- Vinarkrus m/ chasse snú
- Rumba Amerísk
- Jóladans
- klappenade
- Óli skans
- Skottis st.
- Æfa takt
- Ýmsir leik-tjáningardansar, tísku-línu og discodansa í vali hvers kennara.
- Söngleikjadans í vali hvers kennara.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun



Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu án húsgagna þar sem eingöngu eru hljómflytningstæki, borð og tölva.
- Sýnikennsla
- Sköpun
- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

-
- Allir nemendur sem hafa getu til, stunda námið.
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér.
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga af einhverjum öðrum orsökum erfitt með að stunda námið.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru: Leiðsagnarmat, símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda.

Metið er hvort nemendur kunni þá dansa sem kenndir eru á skólaárinu, að auki er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.

2.2. Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: kennt í smíðju. (80 mín. kennslustund 3x í viku, um það bil 4 vikur í senn, bæði fyrir og eftir áramót, samtals um 20 skipti).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Nýtt sér fjölbreytt efni, verkfæri og aðferðir við myndsköpun (L).
- Blandað liti úr grunnlitum með áherslu á litatóna (P)
- Unnið með einfalda myndbyggingu út frá hugtökunum landslag, forgrunnur, miðrymi og bakgrunnur (P/L).
- Gert sér grein fyrir mismunandi tilfinningum og svipbrigðum í myndverkum (P/V).
- Tekið þátt í frágangi eftir kennslustund (P/V).
- Sýnt vandvirkni í vinnubrögðum
- Sýnt tillitssemi og jákvæðni í samskiptum

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Litafræði; litablöndun, litatónar, litstyrkur
- Heitir og kaldir litir
- Einföld myndbygging
- Forgrunnur, miðrymi og bakgrunnur



- Nálægð og fjarlægð
- Hlutföll
- Landslag, uppstilling, portrett
- Svipbrigði í myndverkum
- Leirmótun
- Myndlæsi

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Teikniblýantar
- Mismunandi pappír, fer eftir viðfangsefni
- Ýmsar tegundir lita og áhalda
- Vatnslitir
- Þekjulitir
- Leir

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, í skóla og heima (utan skóla), fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn kennara
- Einstaklingsvinna með leiðsögn

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver vinnur á sínum hraða

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

Metið út frá hæfniviðmiðum árgangs, frammistaða í tímum, virkni og vinnubrögð.

2.3. Tónmennt

Tímafjöldi: kennt í smiðju 2x á vetri. (40 mín. Kennslustund 3x í viku í smiðju, 4 vikur í senn).

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun (P/L)
- Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt (P/L)
- Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna ((P/L)
- Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslensk þjóðlög) (P/L)
- Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri (P/L)
- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun (P/L/V)
-



ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hlustun og greining á því sem hlýtt er á
- Setja saman og búa til tónverk.
- Samspil með öðrum hljóðfærum.
- Samsöngur, læra texta utanbókar.
- Umræður um tónlist.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- sílofónar
- Trommur
- Hristur og önnur minni slagverkshljóðfæri
